

1. des. 2004, 1. árg.

## Þrjár ráðstefnur í Svíþjóð um tungumál og frásagnarhefðir

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, í samvinnu við sendiráð Íslands í Stokkhólmi o.fl., efndi til norrænna tungumála- og bókmenntadaga í Svíþjóð 11.-13. nóvember sl. Fyrst í háskólanum í Gautaborg þar sem haldin var fjölmenn ráðstefna, þá daginn eftir í háskólanum í Stokkhólmi og loks var efnt til samkomu um frásagnarlist í Konunglega bókasafninu í Stokkhólmi.

Auk þess að efna til ráðstefnanna hittu Vigdís Finnbogadóttir og Auður Hauksdóttir forstöðumaður stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur að máli í heimsókn sinni í Stokkhólmi fulltrúa fjölda annarra stofnana eins og KB-bankans, Wallenbergstofnunarinnar og Hátíðasjóðs sænska seðlabankans. Þá efndu sendiherrahjónin til fjölmennrar móttöku til heiðurs Vigdísar og sóttu hana um 60 manns, fjölmiðlafólk, rithöfundar og fræðimenn.

Á ráðstefnunni í Gautaborg flutti Vigdís upphafserindið um nauðsyn fjölmálaumhverfis fyrir lífsgæði mannsins en Vigdís er eins og kunnugt er tungumálasendiherra menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Sænskir tungumálafræðimenn héldu síðan erindi um hnattvæðingu, tungumál og fjölmenningu.

Fyrirlesarar í Stokkhólmi voru svo auk Vigdísar, Auður Hauksdóttir, Kenneth Hyltensstam prófessor við Stokkhólms-háskóla, Ulla Börestam dósent frá Uppsöllum, Sven Strömquist, Lundarháskóla, Teresa Cerratto Pargman og Ola Knutson. Þeir sem glögg þekkja til málvísinda munu þekkja í þessari nafnarunu marga þá sem fremstir standa á sviði málvísinda í Svíaríki og þó víðar væri leitað.

Síðasta ráðstefnan var um bókmenntir. Þar komu við sögu fjórir íslenskir rithöfundar, Þórunn Valdimarsdóttir, Þórarinn Eldjárn, Einar Már Guðmundsson og Arnaldur Indriðason. Þá flutti Ylva Hellerud þýðandi erindi um vandann við að þýða úr íslensku, en hún þýðir eiginlega allt íslenskt efni fyrir sænska sjónvarpið og Arnaldur Indriðason sem er metsöluhöfundur í Svíþjóð. Ýmsir aðrir sænskir bókmenntafræðingar og gagnrýnendur héldu fróðlega fyrirlestra og að síðustu flutti Heimir Pálsson lektor í Uppsöllum erindi um Halldór Laxnes og Svíþjóð – "þar sem stórveldin koma saman" kallaði Heimir erindi sitt.

Nánari upplýsingar um dagskrár og fyrirlestra hinna norrænu bókmennta- og tungumáladaga í Svíþjóð má finna á vef stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, [www.vigdis.hi.is](http://www.vigdis.hi.is)



Svavar Gestsson sendiherra og Guðrún Ágústadóttir eiginkona hans með rithöfundunum Einari Má Guðmundssyni, Þórnari Eldjárn, Þórunni Valdimarsdóttur og Arnaldi Indriðasyni.

## Íslensk stjórnvöld styrkja íslenskukennslu við 17 erlenda háskóla

Stofnun Sigurðar Norðdals hefur sent utanríkisráðuneytinu erindi þar sem fagnað er nýju vefriti um menningarmál, Stiklum um menningar- og landkyrningarmál, og hefur stofnunin þegar beint upplýsingum um þessa nýjung til kennara í íslensku erlendis.

Stofnunin annast umsjón með íslenskukennslu við erlenda háskóla af hálfu íslenskra stjórnvalda. Hinn 6. september sl. undirrituðu Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamála-ráðherra og Páll Skúlason háskólarektor samning milli ráðuneytisins og H.Í. um ákveðin verkefni Stofnunar Sigurðar Norðdals, m.a. umsjón með sendikennslu. Nú styrkja íslensk stjórnvöld kennslu í íslensku við 17 háskóla erlendis, mismikið þó. Yfirlit yfir kennara í þessum skólum og annars staðar þar sem stofnuninni er kunnugt um að nútímaíslenska sé kennd er að finna á vef stofnunarinnar [www.nordals.hi.is](http://www.nordals.hi.is).

Hátt á annað þúsund nemar stunda nám í íslensku við erlenda háskóla ár hvert fyrir utan þann fjölda erlendra nema sem stunda íslenskunám við Háskóla Íslands, í reglulegu námi á vetrum og á sumarnámskeiðum. Auk þess nema margir forníslensku erlendis.

Þannig fer stöðugt fram mikil kynning á íslenskrum menningu við erlenda háskóla í öllum heimsálfum og því mikilvægt fyrir sendikennara að þeir geti fylgst með íslenskum viðburðum erlendis. Þar geta sendiráðin lagt hönd á plóginn, en stofnunin telur að æskilegast væri ef utanríkisráðuneytið og sendiráðin geti kynnt með talsverðum fyrirvara þau menningaratriði sem staðið er fyrir erlendis. Víða er erfitt fyrir íslenskukennara erlendis að nálgast upplýsingar um menningarkynningar í þeim löndum þar sem þeir kenna og óska þeir eftir nánari samvinnu við þá aðila sem standa að slíkum menningarkynningum.

Úlfar Bragason er forstöðumaður Stofnunar Sigurðar Norðdals, en starfsmenn eru alls þrír.

## “Felleshus” í Berlín í boði fyrir kynningar íslenskra aðila

Undanfarin 5 ár hafa norrænu sendiráðin í Berlín staðið fyrir metnaðarfullu menningarstarfi (fyrirlestra- og sýningahaldi) í Felleshúsi norrænu sendiráðanna, um er að ræða sameiginlega byggingu á svæði norrænu sendiráðanna í Berlín. Markmiðið er að gera enn betur og markaðssetja það enn öflugar sem “miðstöð menningar og umræðna milli Norðurlanda og Þýskalands” þ.e. sem **Haus der Kultur und des Dialogs**. Sendiráðið í Berlín vill gjarnan bjóða íslenskum aðilum hvort sem er stofnumum eða fyrirtækjum að nýta sér húsnæðið ef áhugi er fyrir að efna til kynninga á myndlist, tónlist, bókmenntum eða til fyrirlestrahalds í Berlín.

Mikið er um íslenskt myndlistarfólk í Berlín og má t.d. geta þess að sýning Gabrielu Friðriksdóttur “Melankólía” stendur nú yfir í Spielhaus Morrison Galerie til 4 desember nk.